

Stykkishólmsbær
Kristín Þorleifsdóttir
Hafnargötu
340 Stykkishólmur

Reykjavík, 11. janúar 2023
UST202301-136/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Stykkishólms 2002 - 2022 og nýtt deiliskipulag - Hafnarsvæði við Skipavík - Stykkishólmsbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Stykkishólmsbæjar er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 2002 - 2022 og nýtt deiliskipulag fyrir hafnarsvæði við Skipavík í Stykkishólmi.

Í skipulagslýsingu er gerð grein fyrir áherslum sveitarfélagsins er varða breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 2002 - 2022 vegna stækkunar á hafnarsvæðinu við Skipavík. Skipulagsbreytingarnar taka til svæðis sem afmarkast af Þembu að norðanverðu, Leyni að austanverðu, Nesvegi að sunnanverðu og Búðarnesi að vestanverðu. Deiliskipulagssvæðið er að langstærstum hluta skilgreint sem hafnarsvæði í aðalskipulagi en meðfram Nesvegi eru skilgreind opið svæði og íbúðarsvæði.

Mikilvæg fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að skipulagssvæðið liggur að mikilvægu fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ og nefnist það Breiðafjörður.¹ Umhverfisstofnun bendir á að á þessum svæðum eru fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á válista og ábyrgðartegundir Íslands.²

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðið í áætluninni og umhverfismati og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

¹ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/breidafjordur>

² <https://www.ni.is/greinar/forangstegundir-fugla>